

Fjöldi nemenda í grunnskólum vorönn 2016

Uppl skóla í febrúar
2016

	Álftan	Flata	Garða	Hofsst.	Sjálands	Hjalli	Lh GB	Utan GB	AÞSK	Lh.GB	Utan GB	alls
4. ára		11										
5 ára		24				41			2	1	1	69
1. bekkur	41	68		78	30	40			8	5	3	
2. bekkur	45	50		63	27	27			13	8	5	
3. bekkur	44	39		77	28	28			5	3	2	
4. bekkur	52	46		59	28	18			15	12	3	
5. bekkur	45	68		69	25	22		1	7	5	2	
6. bekkur	38	91		76	25	0		0	10	4	6	
7. bekkur	50	55		73	30	18		1	8	4	4	
8. bekkur	32		158		25				7	6	1	
9. bekkur	44		161		37				0			
10. bekkur	47		149		26							
Samtals	438	417	468	495	281	153	0	2	73	47	25	2325
Grsk												
GBÆ		452			2099	194	0	2	75		26	2360

Fjöldi nemenda í grunnskólum skólab 2015

Uppl skóla
septemberbyrjun 2015

	Álftan	Flata	Garða	Hofsst.	Sjálands	Bsk Hjalla	Lh GBÆ	Utan GBÆ	AÞSK	Lh.GBÆ	Utan GBÆ	alls
4. ára		10										
5 ára		25				41			3			
1. bekkur	41	70		76	31	40			7			
2. bekkur	45	49		64	26	34			9			
3. bekkur	46	40		74	28	29			6			
4. bekkur	51	51		62	29	19			11			
5. bekkur	48	69		71	25	21			9			
6. bekkur	37	91		72	22	0			6			
7. bekkur	49	55		72	29	16			6			
8. bekkur	32		157		24				8			
9. bekkur	44		158		38				1			
10. bekkur	46		151		32							
Samtals	439	425	466	491	275	158			62			2316
Grsk												
GBÆ		460			2096	199			65			2360

Yfirlit yfir málaflokka skólanefndar grunnskóla skólaárið 2015 – 2016

Fundir voru 10 og ýmist var fundað á bæjarskrifstofum eða í grunnskólum bæjarins.

Helstu mál

- Þróunarsjóður – endurskoðaðar reglur og úthlutað í annað sinn 25 milljónum á skólaárinu– reglur sjóðsins, áherslupættir og úthlutun í höndum skólanefndar.
- Læsi – þjóðarsáttmáli um læsi. Unnið að sameiginlegum verkferlum innan skóla bæjarins, sömu prófum, viðmiðum og áætlunum um inngríp
- Líðan barna og ungmenna kvíði og þunglyndi, einelti og einangrun. Unnið í samvinnu við skólastjórnendur og forvarnarnefnd.
- Sumaropnun tómstundaheimila fyrir börn sem eru að hefja nám í 1. bekk. Haustið 2016 opna tómstundheimili 15 ágúst fyrir nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk.
- Útgáfa verklags er varðar velferð barna sjá: <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/verklag/>
- Verkferlar við skólaskil grunn og framhaldsskóla – samræmdir verferlar fyrir alla skóla bæjarins með það að markmiði að tryggja öllum farsæla skólavist og vinna gegn brottfalli.
- Menntadagur Garðabæjar – fyrirhugað að halda menntadag – uppskerudag skólastarf í Garðabæ í október 2016

Málefni hvers fundar

Á fyrsta fundi nefndarinnar var farið yfir Þjóðarsáttmála um læsi og hvernig við í Garðabæ munum tryggja árangur nemenda. Ársskýrslur grunnskólanna fyrir árið 2014 – 2015 voru lagðar fram. Fyrirspurn Mennta- menningarmálaráðuneytis varðandi undanþágur og fjarvistir í samræmdum könnunarprófum var kynnt og henni svarað, fram kom að þátttökuhlutfall í Garðabæ er um 95% sem er með því hæsta sem gerist á landsvísu. Tillaga heimilis og skóla um gjaldfrjálsan grunnskóla var tekin til umræðu sem og tillaga um hinsegin fræðslu í grunnskólum bæjarins. Þá var rætt um endurskoðun samnings um framlag með nemendum í 1.-7. bekk Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Á öðrum fundi var farið yfir umsóknir í Þróunarsjóð grunnskóla í Garðabæ – seinni úthlutun. Úthlutað var 5.040.000.- krónum í samræmi við reglur sjóðsins. Jafnframt var rætt um breytingar sem gera þarf á úthlutunarreglum sjóðsins nú eftir að hann hefur verið til staðar í eitt ár. Þennan fund sátu eingöngu kjörnir fulltrúar.

Þriðji fundur nefndarinnar var haldin í Garðaskóla nefndarmenn fengu kynningu á starfi skólans, skoðuðu aðstöðuna og borðuðu Skólamat með nemendum í mötuneyti skólans. Skýrsla um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum var kynnt. Verkáætlun Garðabæjar varðandi skólaskil grunn og framhaldsskóla var lögð fram. Samningur um verkefnið Kynheilbrigði og velferð sem fékk hæstu úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ var lagður fram til kynningar. Tillaga að undirbúningsviku á tómstundaheimili fyrir nemendur sem eru að hefja nám í grunnskóla var tekin til umræðu. Aðgerðaráætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar vegna ytra mats var kynnt. Farið var yfir innsend gögn frá hverjum skóla varðandi læsi, stefnu, viðmið, árangur og inn grip. Þá voru starfsáætlanir skólanna lagðar fram til kynningar og umræðu.

Fjórða fundur nefndarinnar var haldin í Flataskóla og fengu nefndarmenn kynningu á starfi skólans og skoðuðu aðstöðuna. Aðgerðaáætlanir skólanna vegna nýrrar skólastefnu voru lagðar fram. Fjárhagsáætlun bæjarins var kynnt. Rætt um fyrirhugaða sumaropnun tómstundaheimila fyrir nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk og geta hafið dvöl á tómstundaheimili viku áður en að kennsla hefst. Tekið fyrir erindi frá Siðmennt varðandi kirkjuheimsóknir á skólatíma.

Á **fimmta fundi** nefndarinnar var lagt fram ákall til stjórnámálamanna er nefnist 1001 og einn dagur og varðar mikilvægi fyrstu árána í lífi hvers barns. Skýrslan „Heimspekileg samræða í menntun. Rannsókn á tengslum heimspeki og menntunar í leik- og grunnskólum Garðabæjar 2013-2015“ var lögð fram til kynningar. Rætt var um húsnæðismál Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans innan Sjálandsskóla. Kjörnir fulltrúar endurskoðuðu áherslur og reglur varðandi þróunarsjóð grunnskóla.

Sjötti fundur nefndarinnar var haldinn í Alþjóðaskólanum og fengu nefndarmenn kynningu á starfi skólans og sérstöðu. Lagt var fram erindi er varðar niðurskurð á sviði mennta- og frístundamála við börn á landsvísu. Þá var rætt um fyrirhugaðar breytingar á Barnaskóla Hjallastefnunnar með lokun miðstigs. Kynnt voru drög að frumvarpi til breytinga á grunnskólalögum og rætt var um með hvaða hætti má útskrifa nemendur úr grunnskóla sem ekki taka lokapróf. Farið var yfir innsenda verkferla grunnskólanna þegar upp kemur samskiptavandi eða grunur um einelti. Þá var lögð fram til kynningar tillaga að stofnun fagraða Menntamálastofnunnar.

Á **sjöunda fundi** nefndarinnar var lögð fram umsókn þróunarskóla – heildstæðan sjálfstætt starfandi sérskóla fyrir börn með frávik. Skýrslan „Frítíminn er okkar fag“ er fjallar um tómstundastarf barna og ungmenna var lögð fram til kynningar og umræðu og rætt um starfsemi tómstundaheimila. Kjörnir fulltrúar afgreiddu umsóknir í þróunarsjóð grunnskóla. Af þeim 32 verkefnum sem sóttu um var ákveðið að styrkja 21 um samtals 19.892.851.-

Á **áttundi fundur** nefndarinnar var í Hofsstaðaskóla. Meginefni fundarins var kynning á niðurstöðum samræmdra prófa. Auk þess var tekin fyrir beiðni Alþjóðaskólans um breytingu á skóladagatali, bréf skólastjóra um stöðuna í geðheilbrigðismálum barna og unglinga var kynnt og sagt frá umsækjendum og verkferlum við ráðningu í stöðu skólastjóra við Sjálandsskóla.

Á **níunda fundi** nefndarinnar var rætt um fyrirhugaðan Menntadag í Garðabæ í október næstkomandi. Niðurstöður Rannsókna og greiningar um liðan og hagi ungs fólks voru kynntar. Rætt um skóladagatal Alþjóðaskólans og skólamáltíðir í grunnskólum Garðabæjar.

Tíundi fundur nefndarinnar og jafnramt síðasti fundur þessa skólaárs var á heimili Sigríðar Huldu formanns skólanefndar. Tekin var fyrir beiðni Álfstanesskóla um tilfærslu starfsdaga vegna námsferðar. Rætt um innleiðingu rafrænna prófa og kostnað foreldra vegna grunnskólagöngu barna sinna. Farið var yfir mál vetrarins og rætt um verkefni framundan.

